

Bæjarstjórn getur sett starfsmönnum erindisbréf og kveðið þar á um starfssvið þeirra.

Skylt er starfsmönnum að hlíta breytingu á starfssviði sínu, enda missi þeir ekkert af launum sínum við það.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Neskaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. mars 1961, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin samþykkt um stjórn bæjarmála í Neskaupstað, nr. 81/1963.

*Félagsmálaráðuneytið, 17. maí 1979.*

**F. h. r.**

**Hallgrímur Dalberg.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

## REGLUGERÐ

### um búfjárhald í Stykkishólmi.

#### 1. gr.

Búfjárhald (nautgripa, hrossa, svína, geita, sauðfjár og alifugla) er óheimilt innan afgirts skipulags lands Stykkishólms, nema með sérstöku leyfi hreppsnefndar. Allt búfjárhald í kaupþúninu er þó gjaldskytt samkv. 5. gr.

#### 2. gr.

Sá sem hyggst sækja um leyfi samkv. 1. gr. skal senda skriflega umsókn til hreppsnefndar. Í umsókninni skal gera grein fyrir fjölda búfjárins, geymslu þess og öðru sem máli skiptir um öryggi þess og aðhald. Hreppsnefnd getur þó veitt félögum búfjáreigenda heimild til að úthluta leyfum innan skipulagðra svæða og standi félögin skil á leyfisgjöldum til hreppsnefndar.

Hreppsnefnd getur falið félögum búfjáreigenda umsjón með smölun, böðun og öðru er varðar búfjárhald.

#### 3. gr.

Telji hreppsnefnd að skilyrði séu fyrir hendi skal hún veita leyfið, (til lengri eða skemmri tíma). Má veita það ákveðinn tíma eða tiltaka ákveðinn frest til afturköllunar. Ef leyfishafi brýtur reglur um meðferð búfjár t. d. gætir þess ekki á fullnægjandi hátt, má afturkalla leyfið að undangenginni aðvörun.

#### 4. gr.

Ef maður heldur búfé án heimildar sem reglugerð þessi nær til, skal lög-reglustjóri hlutast til um að það sé tekið úr vörslu hans og er heimilt að selja það á uppboði eða slátra því að undangenginni aðvörun. Sama gildir ef leyfishafi gætir ekki settra reglna um meðferð búfjárins, þannig að það veldur tjóni eða óþrifum.

#### 5. gr.

Hreppsnefnd getur ákveðið að greiða skuli í sveitarsjóð gjald fyrir veitt leyfi þó ekki hærra en kr. 1 000 á ári, einnig er hreppsnefnd heimilt að leggja á sér-

stakt beitargjald. Beitargjald greiða þeir, sem beita búfé sínu, í einn mánuð eða lengur á ári, á landi kaupsins sem ekki er leigt. Gjaldi þessu sé varið til vörslu á landi kaupsins.

## 6. gr.

Hreppsnefnd skal skylt að láta gera búfjánhald girðingu umhverfis byggð í kaupsinu og skipuleggja landssvæði fyrir búfjánhald utan þeirra marka. Stefnt skal að því að allt búfjánhald flytjist út fyrir ofangreinda girðingu, eigi síðar en 1. október 1980, enda hefur hreppsnefnd Stykkishólms áður gefið umþóttunartíma til eins árs sem rennur út 15. júlí 1980.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum allt að kr. 5 000.00 Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Stykkishólms staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 44 23. maí 1964 um búfjánhald í kaupstöðum og kaupsinum. Reglugerðin öðlast gildi frá 1. október 1980 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 29. maí 1979.*

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

## A R Ð S K R Á

fyrir Veiðifélag Vatnsdalsár.

	einingar
1. Hjaltabakki .....	8
2. Skinnastaðir .....	12
3. Akur .....	60
4. Stóra Giljá og Beinakelda .....	9
5. Litla Giljá .....	4
6. Hnausar .....	65
7. Bjarnastaðir .....	31
8. Másstaðir .....	11,5
9. Hjallaland .....	12,5
10. Hvammur .....	22
11. Eyjófsstaðir .....	11,5
12. Bakki .....	6
13. Hof .....	26
14. Kötlustaðir .....	16
15. Gilá .....	18
16. Marðarnúpur .....	7
17. Guðrúnarstaðir .....	2
18. Kárdalstunga .....	1,5
19. Þóroormstunga .....	25
20. Sunnuhlíð .....	30
21. Forsæludalur .....	36